

Mál nr. 59/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. febrúar 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Tölvupóstur V dags. 18. apríl 2023
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 24. apríl 2023.
4. Tölvupóstur M dags. 21. apríl 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. janúar 2023 M verið akstur á bifreið sinni á Hvalfjarðarvegi þar sem óþekkt bifreið ók framúr á veginum þannig að laus olíumöl dreifðist yfir bifreið M þannig að hún skemmdist.

M telur að tjón á bifreiðinni falli undir gildissvið kaskótryggingar sinnar hjá V. M telur að V túlki vátryggingarskilmála þröngt. M hafi keypti keypt vátrygginguna í þeim tilgangi að fá bætt það fjártjón sem hann gæti orðið fyrir og vísar til þess að meginatriði og hugsunin á bak við vátryggingar sé sú. Þannig telur M að V geti ekki firrt sig ábyrgð á tjóni sem varð á bifreið M og skýlt sér bak við að háskalegur framúrakstur sem framkallar grjótkast sem veldur skemmdum á bifreið sé ekki skilgreindur í skilmálum félagsins. M vísar til þess að að í vátryggingarskilmálum sé tjón sem verði með þessum hætti ekki undanskilin sérstaklega og því sé vafi um túlkun þeirra sem verði að túlka M í hag sbr. meginreglur laga um neytendavernd og neytendakaup. Einnig vísar M til úrskurðar í máli nefndarinnar nr. 97/2021 þar sem það mál sé líkt kringumstæðum í þessu máli og hafi því ótvírætt fordæmisgildi í málinu.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að vátryggingaratburður sem leiddi til tjóns M sé ekki einn af þeim sem kaskótrygging V nær til skv. gr. 4.1, auk 5.-10. gr., vátryggingarskilmála þeirrar vátryggingar. Jafnframt segi í gr. 6.1 að tjón af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúki á ökutæki bætist ekki.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort tjón á bifreið M sem varð með þeim hætti að laus olíumöl dreifist yfir bifreiðina vegna framúraksturs óþekktar bifreiðar bætist úr kaskótryggingu bifreiðar M hjá V. Í vátryggingarsamningi M og V er vísað til vátryggingarskilmála og til þess að tjón sem það sem M varð fyrir falli undir gildissvið vátryggingarinnar þarf vátryggingaratburður að vera í samræmi við þá áhættu sem vátryggð er skv. vátryggingarskilmálum. Sönnunarbyrði hvílir á M um að tjón falli undir gildissvið vátryggingarinnar skv. almennum sönnunarreglum.

Í gildandi skilmálum eru tjónsorsakir sem vátryggingin nær til tilgreindar í 4. - 10. gr. skilmálanna og takmörkun á gildissviði í 12. gr. Síðan er fjallað um skemmdir sem bætast og einstaka hluti sem ekki bætast í 13. gr. Af þeim skilmálum verður ekki ráðið að orðalag þeirra sé óskýrt eða beri að túlka þannig að grjótkast geti talist til einhverra þeirra tjónsorsaka sem tilgreindar eru í 4.-10. gr. fyrrnefndra skilmála. M hefur því ekki sýnt fram á að tjón á bifreið falli undir gildissvið kaskótryggingar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir